menningarmál

Iðnsýning á Kjarvalsstöðum

KJARVALSSTAÐIR
Hönnun '82
4.-20. júní
Opið á venjulegum tímum.

Handverk á undanhaldi

■ Þótt eigi liggi fyrir um það á borði mínu neinar sérstakar tölur, þá virðist sem iðnnám, lærðar iðngreinar, hafi átt í vök að verjast á Íslandi undanfarna áratugi.

Þegar stríðgróðinn kom og sveitirnar tæmdust svo að segja alveg, varð hér eins konar félagsfræðileg bylting. Fólk með peninga vildi láta börn sín læra latínu. Líka fólk sem ekki hafði peninga.

Langskólanám hafði allan forgang, og það dró úr ásókn í lögverndaðar iðngreinar, svo við lá að sumar legðust niður. Og það þurfti ekki einu sinni latínu til að draga allan mátt úr iðnaðarvinnu. Vélvæðing kom einnig við sögu og erlendur stóriðnaður. Og getum við nefnt t.d. bókband eða bókagerð og klæðskeraiðn, sem dæmi. Fyrir tveim áratugum, eða svo voru mörg klæðskeraverkstæði starfandi í helstu bæjum landsins og það þótti virðing, fremur en hitt að ganga í skreðarasaumuðum fötum. Núna er þetta svo að segja liðið undir lok. Stórfyrirtæki í saumaskap moka út fatnaði á því verði, sem handsaumaskapur getur með engu móti keppt við, enda þótt gæði handsaumaðra herrafata væru oftast mikil.

Nú, það sama hendir prentverkið, bókbandið og þá bókagerðina. Handsett bók hefur ekki komið út á Íslandi í áratugi, ef frá er talin ein bók, sem systurnar í Stykkishólmi handsettu fyrir nokkrum árum. Vélar komu og juku afköst í setningu og svo komu afkastameiri prentvélar – og síðan tölvan og offsetið, þannig að gömlu blýprentsmiðjurnar eru byrjaðar að tína tölunni og vélritunarstúlkur sjá um setningu. Þegar síðan að bókbandinu kemur, þá er það allt að verða vélavinna. Og til landsins munu nú komnar maskínur svo góðar, að mannshöndin fær ekki að koma nærri bókbandi. Prentaðar arkir fara inn og út koma innbundnar bækur.

Þá er alþjóðleg samvinna í bókagerð einnig vaxandi. Risaupplög eru prentuð af litprentuðum bókum en íslenskur texti á spöltum er sendur út í pósti til útlanda. Heima kemur síðan „íslensk" bók á verði, sem útkjálkaprent getur ekki látið sig dreyma um að keppa við.

Þannig hefur verið sótt að handverki á Íslandi lengi. Ýmist með latínu, taumlausum innflutningi, andvaraleysi ráðamanna og stöðnun.

Nýtt verðmætamat

Það er eiginlega núna fyrst á alseinustu árum, sem nýir straumar, nýr metnaður og nýtt verðmætamat, er að ýta á flot. Iðngreinar, eða löggiltar iðngreinar eru aftur að byrja að njóta virðingar og skilnings.

Haldnar hafa verið nokkrar sýningar á smíðisgripum og munum, og nú er haldin á Kjarvalsstöðum sýningin Hönnun '82, en þar eru sýnd húsgögn, vefnaður, leirmunir og glermunir, sem hannaðir eru hér á landi og eru búnir hér til.

Ýms þekkt fyrirtæki sýna þarna vörur, sem búnar eru til eftir íslenska hönnuði og erlenda, er hér starfa. Og það verður að segjast eins og er, að þessi sýning er íslenskum iðnaðarmönnum og hönnuðum til mikils sóma.

Það er eigi auðvelt að gefa út ákveðna reglu um það, hvað eigi heima á sýningum á Kjarvalsstöðum, sem er myndlistarhús fyrst og fremst. Líklega gilda þar sömu lögmál og með byltinguna, hvenær bylting væri lögleg. En frægt er svar Jóns Þorlákssonar sem var á þá leið, að bylting væri lögleg, þegar hún heppnaðist. Það sama má segja um húsmunasýningar á Kjarvalsstöðum. Þær eiga þar heima, ef þær eru góðar. Og það er þessi svo sannarlega.

Sýningin

Mest fer fyrir húsmunum frá Kristjáni Siggeirssyni hf., en þar hefur Gunnar Magnússon hannað húsgögn: Þá er Trésmiðjan Víðir hf. með verk, sem Finninn Ahti Taskinen hefur hannað og Ingvar og Gylfi sf. sýna hjónarúm, sem Þórdís Zoëga hefur hannað.

Smíðastofa Eyjólfs Eðvaldssonar sýnir grindur, sem Pétur Lútersson hefur hannað, en fylgihlutir eru úr nylonhúðuðu stáli.

Pétur Snæland hf. sýnir húsgögn úr frauðplasti, en hönnuður þar er Gunnar Snæland. Að lokum má svo nefna Stálhúsgagnagerð Steinars hf., er sýnir stóla úr rúnstáli og borð , en stólar, hannaðir af Pétri B. Lútherssyni, hafa hlotið mikla og verðskuldaða athygli hér heima og erlendis, bæði fyrir þægindi, fegurð og síðast en ekki síst fyrir það, að hundrað stólar taka lítið meira pláss en einn stóll þegar búið er að hlaða þeim saman.

Þá eru ennfremur á sýningunni ljós hönnuð af íslenskum mönnum og framleidd hér, sem eru mjög vönduð að því er virðist og formfögur.


Þá vil ég geta um vefnað, leirmuni og gler, en þessi síðasttaldi iðnaður hefur tekið stórstígum framförum hér á Íslandi á seinustu árum. Þá er að geta um leðurmuni, silfurmuni og fatnað, sem einnig sýnir að samband er nú aftur að komast á milli hugar og handa, eftir alla vora latínu og iðnbyltingu nágrannalandanna.

Mér er sagt að íslensk iðnfyrirtæki séu nú þegar byrjuð að flytja út sérhannaðar iðnaðarvörur, og verður það að teljast vel af sér vikið, miðað við allar ytri aðstæður hér. Enginn vafi er þó á því heldur, að hönnun hlýtur að vera ein aðalforsendan fyrir slíkum útflutningi og sölu innanlands.

Tæknilega séð eru þetta líka vel unnir fagrir munir og maður finnur hjá sér þörf til að strjúka fægðan viðinn.

Á Kjarvalsstöðum sýna margir þekktir hönnuðir og iðnaðarmenn sína vinnu, en einnig nokkrir nýliðar og vil ég hvetja alla, er fögrum munum unna, að sjá þessa sýningu.

Jónas Guðmundsson



■ **Keramik**



■ **Ljós**



■ **Leðurvinna**



■ **Gler**




Jónas Guðmundsson skrifar

Silkitromman

■ Ekki fer hjá því, að Silkitromma Atla Heimis Sveinssonar verði talinn með allra merkustu viðburðum nýbyrjaðrar listahátíðar. Raunar held ég, að hún sé bezta verk Atla hingað til. Að vísu er erfitt að dæma um tónlistina eina útaf fyrir sig, eftir að hafa séð óperuna einu sinni, enda er sá ekki tilgangur sýningarinnar: höfundum og öðrum aðstandendum Silkitrommunnar hefur nefnilega tekizt það sem þeir sögðust vera að stefna að: allsherjarleikhús. Þar styðst hvað við annað og verður varla í sundur slitið.

Sveini Einarssyni virðist láta vel að setja á svið stykki sem þetta, litríkan og gróteskan farsa. Í Silkitrommunni á þessi uppsetning jafnvel við og hún átti illa við í Ímyndunarveiki Molíers. Sýningin er mjög stílhrein og „flott", og þar eiga að sjálfsögðu mikilvægan hlut að máli sviðsmynd Sigurjóns Jóhannssonar og búningar Helgu Björnsdóttur.



Texti Örnólfs Árnasonar þolir jafnilla bókmenntarýni og flest önnur „líbrettó", og sver sig þannig í ætt margra stórverka á þessu sviði.

Hins vegar er í honum sitthvað hnyttilegt, t.d. hið óborganlega glysmennatríó þeirra Sigurðar Björnssonar, Kristins Sigmundssonar og Jóns Sigurbjörnssonar uppi á svölunum.

Í sýningunni er valinn maður í hverju rúmi og hallast þar hvergi á. Guðmundur Jónsson leysir sitt hlutverk, gamla manninn, stórkostlega af hendi, og það er vafalaust rétt sem Gilbert Levine hljómsveitarstjóri sagði einhvers staðar, að þetta hlutverk væri með hinum allra erfiðustu fyrir barítón á þessari öld, sambærilegt við Wozzeck í samnefndri óperu Albans Berg. Raunar minnir Silkitromman og þá einkum tónlistin, mjög á þessa 60 ára gömlu óperu (sem væri sannarlega gaman að fá að sjá hér í jafngóðri uppfærslu og Silkitromman fær, úr því Þjóðleikhúsið þurfti endilega að klúðra leikriti Büchners hér um árið. En Büchner, sem var jarðfræðingur, samdi þetta dæmalausa framúrstefnuverk fyrir 150 árum, sem sýnir að listin getur verið „nútímalist" um aldir, hafin yfir tíma og tízkustefnur).

Ólöf Harðardóttir og Helena Jóhannsdóttir fara saman með hlutverk stúlkunnar sem töfrar gamla manninn. Önnur á víst að syngja í henni sálina, en hin að dansa líkamann. Mjög glæsilegt var loka-atriðið, þar sem þau sungu saman lengi tvö ein Guðmundur og Ólöf við daufan bakhljóm einsamlar knéfiðlu.


Rut Magnússon syngur konu með tízkubúð. Eins og aðrir leikur hún bæði og syngur mjög vel. Silkitromman á vafalaust eftir að bera hróður höfunda sinna, og íslenzkrar listar, út fyrir landsteinana, því „hún er í takt við tímann" eins og Stundarfriður og Ínúk. Hvort endist yfir gröf og dauða skal ósagt látið, en það er víst ekki okkar mál.

Sagan segir, að fegursta bygging jarðar, Taj Mahal, hafi konungur nokkur byggt utan um steinkistu látinnar drottningar sinnar. Hún var úr svörtum marmara og stóð á miðju gólfi – upphaf, miðja og tilgangur verksins alls. En þegar smiðirnir höfðu loksins lagt síðustu hönd á hið glæsta listaverk og kóngur leit yfir það, fannst honum eitthvað vera að – eitthvert ósamræmi. Og skyndilega áttaði hann sig á því, að steinkistunni var ofaukið, hún féll ekki inn í listaverk, sem var í sjálfu sér fullkomið. Svo kistan var flutt burt.

Og eins er silkitromman sjálf veikasti punktur þessa verks – hið eina sem eftir lifir af upprunalegri hugmynd Atla Heimis um óperuefni. Því viðfangsefni og uppsetning óperunnar er fullkomlega vestræn – tízkuheimur nútímans með öllu sínu glysi annars vegar, og fátækur maður hins vegar – og þar á japönsk silkitromma hvergi heima. Hún er ekki til í okkar menningu.

En það er ópera Atla Heimis Sveinssonar hins vegar – raunar eykur hún verulega við menningu vora.

8.6. Sigurður Steinþórsson.



Sigurður Steinþórsson skrifar um tónlist

Frumraun flautuleikara

■ Þriðjudagskvöldið 1. júní voru skemmtilegir tónleikar háðir í Félagsstofnun stúdenta við Hringbraut: Kolbeinn Bjarnason lék á einsamla flautu. Þetta var á sína vísu dirfskufull uppákoma – frumraun flautista, án undirleiks með hljóðfæri sem að sönnu er ekki einleikshljóðfæri í sjálfu sér. En Kolbeinn reyndist vera snjall flytjandi sem kann sitthvað fyrir sér, og auk þess kom salurinn sjálfur til hjálpar með öllu sínu bergmáli og glymjanda, sem lyfti hinu kurteisa hljóðfæri verulega með lifandi svari sínu.

Kolbeinn hafði þrjú verk á efnisskrá: Fimm særingarþulur, eða Galdra, eftir André Jolivet (samið 1938), Partítu í a-moll eftir Sebastían Bach, og Ascéses fyrir flautu eftir Jolivet (samið 1967). Beethoven á að hafa sagt það um Bach, að hann ætti ekki að heita lækur (Bach) heldur haf, vegna sinnar óendanlegu hugmyndaauðgi. Og þetta hefur ekki verið hrakið ennþá. En það þýðir ekki að Jolivet þoli 10 stykki – fimm fyrir hlé og fimm eftir hlé – enda var hans hugmyndaauðgi brostin eftir galdrana fimm, og Ascéses lítið meira en endurtekning. En hvað um það.

Kolbeinn Bjarnason hefur lært mestmegnis hjá Jósef Magnússyni, en fengið fínslípun hjá svissneskum mönnum og Manúelu Wiesler. Tónn hans virðist mér sérlega safaríkur og bústinn, og flutningsmátinn allur virðist vera nokkuð í stíl við Jolivet sjálfan, sem Kolbeinn sagði hafa leitast við að ná frumhljómi tónlistarinnar, dansi og tilbeiðslu. En er ekki trumbusláttur, og þar með taktfesta, frumrót þess alls? Og það vantaði helst hjá Kolbeini, einkum í partítu Bachs, sem Kolbeinn lék listilega útaf fyrir sig, en alltof „rhapsódískt". Þetta var sérlega áberandi í Courante-kaflanum, sem er hraður og missir allt form ef taktur er óákveðinn.

Tónleikar Kolbeins voru vel sóttir, einkum af ungu fólki. Nú um tíðir er flautan í miklum uppgangi hér á landi, og afburðasnjallir flautuleikarar meðal vor sem örva æskumenn til dáða. Yfir tónleikunum var skemmtilega óhefðbundinn andi, líkt og Kolbeinn hefði staðið þarna upp óforvarandis í vinahópi og sagt fáein orð til að gleðja sjálfan sig og aðra.